

## ZUMBA í Íþróttahúsinu á Laugum

Tímarnir verða á þriðjudögum kl. 17.00 - 18.00.  
Fyrsti tími verður 28. janúar.

Stakur tími kostar 1.500 kr.  
10 skipta klippikort kostar 10.000 kr.

Komdu og vertu með!  
Öðruvísi líkamsrækt, dans og gleði :)

Arna Benný Harðardóttir  
Íþróttá- og heilsufræðingur  
Zumba kennari

Nánari upplýsingar í síma 777-2860



**ZUMBA**  
fitness

# Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir  
Sími: 464 4343, 866 0311  
Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is)

3. tbl. 6. árg. miðvikudaginn 22. jan. 2014

## Afmælisbörn dagana 23. jan. — 29. jan. 2014

24. Aðalbjörg Birgisdóttir.
27. Hólmgeir Böðvarsson, Valur Hólm Siguðarson.
28. Brynhildur María Hjartardóttir, Vilborg Friðjónsdóttir.
29. Daniel Ingi Halldórsson, Gústaf Jóhannesson,  
Margrét Halla Lúðvíksdóttir, Ólöf Þuríður Gunnarsdóttir.

## Geðorð vikunnar.

### AÐ LÆRA AF MISTÖKUM.

Allir gera mistök. Þess vegna skiptir svo miklu máli hvernig menn bregðast við. Að læra af mistökum (sínnum eigin og annarra) er einhver mikilvægasti hæfileiki, sem menn geta tileinkað sér. Sá sem lærir af mistökum, breytir þeim í mikilvæga lífsreynslu, sem kemur í veg fyrir að hann geri sömu mistökin aftur. Hann verður þannig vitrari og sterkari einstaklingur eftir en áður. Það eru til aðrar aðferðir við að takast á við mistök. Ein er að neita að hafa gert þau (afneitun). Þessi aðferð ber yfirleitt vott um lítilmennsku. Það þarf hugrekki og styrk til að horfast í augu við eigin mistök og viðurkenna þau. Önnur aðferð er að skammast sín svo mikið að maður leggist í eynd og volæði. Mistök geta auðvitað verið afar hörmuleg. – En hverju er nokkur bættari með volæði? Er ekki meira *vit í* / (um vert) að læra af því sem aflaga fór, bæta það sem hægt er að bæta og biðjast afsökunar ef við á? Skömmusta getur verið gagnleg, en hóf skyldi vera í öllu. Allir gera mistök.

Samráðshópur um áfallahjálp í Þingeyjarsýslu.

Að halda áfram  
með líf sitt  
þýðir ekki  
að maður gleymi öllu  
sem gerst hefur

Það þýðir að  
í stad þess að lifa lífinu  
í leiðindum fortíðarinnar

þá hafi maður  
ákveðið að  
njóta þess að vera til  
~ S.U.

hugarorka



## EM 2014.

### Opið

miðvikudag 22. jan. frá kl. **18:00 - 21:00**,  
föstudag 24. jan. frá kl. **17:00 - 21:00**,  
laugardag 25. jan. frá kl. **17:00 - 20:00**  
og sunnudag 26. jan. frá kl. **14:00 - 20:00**.

**EM tilboð** 16“+ 2 álegg + 2L gos = **2.590.-**  
*gildir alla daga sem Ísland á leik.*

**Taktu þátt í EM-leiknum á facebókarsíðu**  
**Daddi's og fáðu afslátt eða gjafabréf.**

**Sími: 773-6060**

Möguleiki á opnun utan afgreiðslutíma ef pantað er með fyrirvara.

## Þorrablót.

Minum á þorrablótíð.  
Skráning miðvikudag og fimmtudag.  
Athugið að það er ekki veitingasala á staðnum.

Nefndin.



## Auglýsing um skipulag

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 23. janúar 2014 að auglýsa eftirfarandi tillögur að deiliskipulagi skv. 1. mgr. 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

### Skútustaðagígar.

Svæðið sem deiliskipulagið nær til afmarkast af friðlýstu svæði Skútustaðagíga við suðurströnd Mývatns ásamt svæði sem nær frá friðlýsta svæðinu og að gamla þjóðveginum til austurs og sjálfri Stakhólstjórinni. Mörk náttúruvættisins eru þessi skv. fylgiskjali auglýsingar um náttúruvætti frá árinu 1973: Vestan Stakhólstjarnar lína hugsuð um 3 m frá rótum Hræðuhvers að mörkum skólalóðar og með þeim að vegi, en síðan vegurinn til móts við suðvesturhorn tjarnarinnar og þaðan stystu leið í tjörn. Að austan hugsuð lína, skemmst 20 metra utan róta syðstu gíga, beina leið milli tjarnar og Mývatns.

Friðlýsta svæðið og þar með skipulagssvæðið er alls um 70 ha að flatarmáli.

### Hverfjall/Hverfell

Svæðið sem deiliskipulagið nær til afmarkast af friðlýstu svæði Hverfjalls (Hverfells). Svæðið er í eigu jarðarinnar Voga og er staðsett um 2 km suðaustan við Vogahverfið í Mývatnssveit. Mörk náttúruvættisins eru þessi skv. fylgiskjali auglýsingar um náttúruvætti frá árinu 2011: Mörk svæðisins eru fjallið sjálft og næsta umhverfi auk gjóskuminja með steingerðum jurtaleifum norðan fjallsins. Friðlýsta svæðið og þar með skipulagssvæðið er alls um 313 ha að flatarmáli.

Tillöguuppdrættir og greinargerðir munu liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn frá og með föstudeginum 24. janúar til og með föstudeginum 7. mars 2014. Þá eru upplýsingar og aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps, [www.myv.is/Stjórnsýslan/Skipulagsmál/Deiliskipulag](http://www.myv.is/Stjórnsýslan/Skipulagsmál/Deiliskipulag).

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 7. mars 2014. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn og/eða í tölvupósti á netfangið: [bjarni@thingeyjarsveit.is](mailto:bjarni@thingeyjarsveit.is). Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins frests teljast henni samþykkir.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps.

MÝVATN



Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

## 65. fundur

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 23. janúar. 2014, kl 9:15.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Innkaupareglur.
3. Erindi frá Óla Halldórssyni f.h. Þekkingarnets Þingeyinga.
4. Bréf Gylfa Arnbjörnssonar, forseta ASÍ v/ gjaldskrárhækkana.
5. Bréf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis v/ gjaldskrárhækkana.

Til kynningar:

Fundargerð Heilbrigðisnefndar NE dags. 4. des.

Fundargerð stjórnar DA sf. dags. 7. jan.

Bréf forstöðumanns Rannsóknar- og Þróunarmiðstöðvar HA.



## Frá Íþróttamiðstöð.

Vegna námskeiðsins Bætt heilsa – betra líf verður þreksalur lokaður almenningi á miðvikudögum milli kl. 16:00 og 17:30 til 12. mars. Fólki er velkomið að mæta milli kl. 14.00 og 16.00 í staðinn þá daga.

### Leikskólasprikli á laugardögum.

Foreldrum með börn á leikskólaaldri er bent á tíma í íþróttasal milli kl. 14:00 og 15:00 á laugardögum. Tilvalið að láta börnin sprikla og fá sér jafnvel kaffibolla á meðan. Tíminn kostar 500 kr. per fjölskylda.

Starfsfólk ÍMS.

## Mýflugan

Kæru lesendur  
og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.  
Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is) eða í síma 464 4343/ 866 0311

### Verðskrá:

- 1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.
- 1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.
- 1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.

Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

### 64. fundur

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 9. janúar. 2014, kl 14:30.

#### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Bréf Ólafs Rúnars Ólafssonar lögmanns f.h. erfingja Margrétar Lárusdóttur.
3. Bréf Péturs Þórs Jónassonar f.h. Greiðrar leiðar ehf. dags. 13. des.
4. Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023, við Hveri.

#### Til kynningar:

Fundargerðir Héraðsnefndar Pingeyinga dags. 22. apríl og 3. des.

Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga dags. 13. des.

Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Pingeyinga dags. 19. des.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Friðrik K. Jakobsson, Pétur Snæbjörnsson.

1. Fundarsetning.  
Oddviti setti fund og óskaði fundarmönnum gleðilegs nýs árs.
2. Bréf Ólafs Rúnars Ólafssonar lögmanns f.h. erfingja Margrétar Lárusdóttur.  
Með bréfi dags. 17. desember gerir lögmaður núverandi eigenda gamla skólastjórabústaðar á Skútustöðum kröfu um að sveitarfélagið greiði þeim um 3 millj. kr. vegna tjóns sem varð vegna bilunar á hitaveitu. Krafan er í þremur liðum þ.e. áætlun á eiginlegu tjóni, áætlað tjón vegna afnotamissis og áætluð ofgreidd lóðarleiga.  
Málsatvik eru þau að um mánaðarmótin jan/feb 2012 uppgötvast að hitaveitulögn hafði farið í sundur um 3m frá húsinu. Heitt vatn flæddi undir jarðhæð hússins með þeim afleiðingum að raki komst í gólf og vegg. VÍS kallaði til Almar

Eggertsson frá Faglausn ehf. til að meta tjónið vegna vatnslekans. Niðurstaðan er að öll gólfefni á aðalhæð eru ónýtt, skemmd er á veggföðri, málningu og hurðarkörmum ásamt raka í gólfi og lofti í kjallara. Í sept. sama ár kalla eigendur hússins einnig til sama aðila til að meta nefnt tjón og er þá enn mikill raki til staðar. Í júlí s.l. fær Ólafur Rúnar, Eirík Jónsson verkfr. til að vinna álitserð um ástand hússins.

VÍS hafði hafnað bótakröfu þar sem tjónið féll ekki undir tryggingarskilmála hitaveitunnar þ.e. hvorki starfsmenn veitunnar né tæki á hennar vegum urðu valdir að tjóninu. Málið fór fyrir úrskurðarnefnd váttryggingarmála sem vísaði því frá. Sveitarstjórn hafnar erindinu en ítrekar fyrra boð þ.e. að greiða efniskostnað vegna viðgerða á húsinu.

Böðvar vék af fundi undir þessum lið.

3. Bréf Péturs Þórs Jónassonar f.h. Greiðrar leiðar ehf. dags. 13. des.  
Með bréfi er hluthöfum í Greiðri leið ehf. boðið að nýta sér forkaupsrétt að 40 millj. kr. hlutafjárukningu í félaginu í samræmi við hlutafjáreign sína. Ætli núverandi eigendur ekki að nýta réttinn verður hann seldur öðrum. Fyrir liggur að Útgerðarfélag Akureyringa ehf. sem er í eigu Samherja hf. er tilbúið að kaupa hlutinn.  
Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti í tölvupósti 17. des s.l. að nýta ekki forkaupsrétt að nefndum hlut og staðfestir það hér með.
4. Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023, við Hveri.  
Fyrir fundinum liggur tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023, við Hveri. Breytingin lýtur að því að gert verði ráð fyrir svæði undir verslun og þjónustu austan Námaskarðs.  
Breytingartillagan var kynnt skv. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 123/2010, á fundi í Reykjahlíðarskóla 10. des. s.l.  
Sveitarstjórn samþykkir fyrrnefnda breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 og felur skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð skv. 3. mgr. 30. gr. laga nr. 123/2010.  
Guðrún María vék af fundi undir þessum lið.

Fleira ekki gert.  
Fundu slitið.  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétursson,  
Karl Emil Sveinsson,  
Friðrik K. Jakobsson,  
Pétur Snæbjörnsson.